

Námsvísir 2022-2023

7. bekkur

Námsgrein: Samfélags- og náttúrufræði

Kennari/kennarar: Gísli Sveinn og Ingunn

Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Markmið

Náttúrufræði

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt

- Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum
- Sýnt fram á þekkingu á mismunandi svæðum jarðar
- Gert grein fyrir stöðu umhverfisins og umhverfisógnar í heiminum
- Fjallað um ólík lífsskilyrði og þau mörk sem náttúran setur manningum
- Geta gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun
- Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas

Samfélagsfræði

Undir þessa grein heyra eftirtalin svið: saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði. Greinin fjallar um samfélög og menningu á gagnrýnninn og upplýsandi hátt. Skylda hvers samfélags er að fræða nemendur um jafnrétti, mannréttindi, umhyggju og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Nauðsynlegt er að þroska hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra svo sem við fjölskyldu, og að mynda ný tengsl við breytilegar aðstæður. Rætur og menntagildi má útskýra á eftirfarandi hátt:

1. Hæfni til að skilja umhverfið, samfélagið og söguna til að víkka reynsluheim nemenda.
2. Hæfni nemenda til að átta sig á eigin sjálfsmynd til að víkka út hugarheim nemenda.
3. Hæfni til að mynda og þróa tengsl við aðra og hvetja til þátttöku í félagsheimi sínum.

Unnið er eftir hæfniviðmiðum og lykilhæfni sem sett eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla

[Aðalnámskrá Grunnskóla \(adalnamskra.is\)](http://adalnamskra.is)

[Aðalnámskrá Grunnskóla \(adalnamskra.is\)](http://adalnamskra.is)

Kennsluaðferð / vinnulag

Skólaárinu hefur verið skipt upp í lotur. Hverri lotu fylgir lotuáætlun sem skipulögð er út frá þeim hæfniviðmiðum sem verið er að vinna að hverju sinni. Gerð er sú krafa að nemendur fylgi lotuáætlunum og ljúki þeim verkefnum sem þar eru tilgreind. Markmiðið er að nemendur beri ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Eftir innlagnir frá kennurum vinna nemendur ýmist einstaklingsvinnu, í pörum eða hópum eftir verkefnum.

Námsmat

Beitt verður leiðsagnarmati þannig að nemendur verða jafnt og þétt að vinna sér inn einkunn yfir skólaárið. Vonast er til að nemendur geti nýtt þá endurgjöf sem þeir fá til að efla sig og bæta í námi. Leitast er við að hafa námsmat fjölbreytt og byggir á viðfangsefnum hverrar lotu fyrir sig. Kennari metur m.a. þátttöku í tíma og virkni nemenda.

Námsgögn

Verkfærakistan

Náttúrulega 2

Tækni og framfarir

Ég og sjálfsmyndin

Óðinn og bræður hans

Ítarefni frá kennara

Annað sem samræmist hæfniviðmiðum og er til þess fallið að vekja og viðhalda áhuga